

HEILBRIGÐISNEFND

Ár 2025, fimmtudaginn 16. janúar kl. 11:07, var haldinn 157. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birna Hafstein, Hjálmar Sveinsson, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Sandra Hlíf Ocares og fulltrúi frá Samtökum atvinnulífsins, Ólafur Jónsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Tómas G. Gíslason, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Snædís K. Bergmann.

Þetta gerðist:

- Lagt fram bréf Dýraþjónustu Reykjavíkur dags. 7. janúar 2025, þar sem óskað er eftir því að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur staðfesti ákvörðun Dýraþjónustunnar um aflifun viðkomandi hunds í samræmi við 8. grein samþykktar um hundahald í Reykjavíkurborg, nr. 355. Einnig er lögð fram greinargerð úr málaskrá Dýraþjónustu Reykjavíkur dags. ódags. ásamt fylgiskjölum. HER25010001
Frestað.
- Kl. 11:49 vikur Ólafur Jónsson af fundi.

Lögð fram svohljóðandi bókun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur:

Heilbrigðisnefndin samþykkir að fresta afgreiðslu málsins vegna þess að ný gögn bárust stuttu fyrir fund. Heilbrigðisnefnd þakkar Dýraþjónustu Reykjavíkur fyrir greinargóða samantekt á málinu. Nefndin leggur áherslu á að málið verði unnið áfram hratt og örugglega. Það verður einnig að líta til þess að börnum getur stafað hættu vegna hundsins sem um ræðir í þessu máli og mikilvægt er að lítið verði til þess við vinnslu málsins.

Porkell Heiðarsson deildarstjóri, Helena Gylfadóttir og Elísabet Hrönn Fjóludóttir verkefnastjórar frá Dýraþjónustu Reykjavíkur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Fram fer umræða um fuglaflensu sem hefur komið upp. HER25010001

Porkell Heiðarsson deildarstjóri, Helena Gylfadóttir og Elísabet Hrönn Fjóludóttir verkefnastjórar frá Dýraþjónustu Reykjavíkur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 12. desember 2024 ásamt kæru nr. 172/2024, dags. 5. nóvember 2024, þar sem kært er framferði fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í Leikskólanum Sælukoti 5. nóvember 2024. Einnig er lögð fram greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 14. janúar 2025. HER25010001

Ástrún Eva Sívertsen heilbrigðisfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Lagt fram til upplýsinga, erindisbréf um stýrihóp um stefnumótun fjölmenningsborgarinnar Reykjavík, dags. 21. október 2024. MSS24090132
- Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá dags. 5. desember 2024, 12. desember 2024, 19. desember 2024, 30. desember 2024 og 9. janúar 2025. HER25010001

Fundi slitið kl. 12:29

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Birna Hafstein
Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns

Hjálmar Sveinsson
Sandra Ocares